



Fundargerð:

Fundur var haldinn í stjórn SSA mánud. 28. feb. 2011. Hófst með hádegisverði kl. 12:00. Fundarstaður: Hótel Hérað, Egilsstöðum (C - salur).

Fundinn sátu: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Þórunn Egilsdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal og Gunnþórunn Ingólfssdóttir, (varam. Stefáns Boga Sveinssonar, sem boðaði forföll). Auk þess Bj. Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, sem ritaði fundargerð. Valdimar stýrði fundi.

Dagskrá:

1. Fundargerðir SSA og ýmissa verkefna sem tengjast starfi SSA:
 - a) Fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 20. jan. 2011, ásamt undirgögnum, sem send höfðu verið með fundarboði.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - b) Fundargerð framkvæmdaráðs SSA frá 8. feb. 2011.
Rætt var fyrirkomulag funda í þingmannaviku í upphafi árs.
Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.
 - c) Stjórn SSA frá 8. des. 2010.
Rætt svonefnt fjarvinnsluverkefni, sbr. ábendingu S Bl.
Fundargerðin staðfest.
 - d) AST (Austfirzkar stoðstofnanir), 3 fundir; 26. jan. 2011 og frkv.ráð AST 3. feb. og 15. feb. 2011.
Stjórn SSA mun fá tillögur frá AST til umfjöllunar, eftir að framkvæmdaráð AST hefur lagt þær fram fyrir vinnuhópinn í heild og hann eftir atvikum náð samstöðu um leiðir og tillögur. Gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér endanlegri vinnu eigi síðar en í maí 2011.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
 - e) AE (Austfirzk eining), 2 fundarg. frá 6. jan. og 18. feb. 2011.
Undir umr. um þennan lið kom fram sú hugmynd, að verkefni um skipulagningu almenningsamgangna yrði á borðum AE. Einnig kom til umfjöllunar fundur í REK, sem form. og frkvstj. hafa verið boðaðir á 7. marz, en meðal fundarefna þar eru almenningsamgöngur og verkefnið „Sóknaráætlun 20 / 20“. Stjórn SSA mun ákveða síðar á borðum hverra (AE eða stjórn SSA) úrvinnsla vegna þessara tveggja verkefna verður, fari framkvæmd þeirra á fullan skrið.
Stjórnin staðfestir vilja AE að semja við ÞFA um úrvinnslu skýrslu, sbr. lið 4. í fundarg. AE frá 18. feb. 2011.
Fundargerðirnar að öðru leyti lagðar fram til kynningar.
 - f) SSA, hlutverk o.fl.
Um er að ræða samantekt frkvstj. SSA, sem er unnin m.a. verkefnisins „AST“. Fram kom sú skoðun, að samantektin væri gott innlegg í þá vinnu, sem nú stendur yfir og af henni væri ljóst að hlutverk SSA sem samstarfsvettvangs sveitarfélaga á Austurlandi væri veigamikild.
Samantektin lögð fram til kynningar.
2. Frá landshlutasamtökum sveitarfélaga (LHSS):
 - a) Stjórn SASS 11. feb. 2011 (fundur nr. 441).

- Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Stjórn SSNV 11. jan., 4. feb. og 8. feb. 2011.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
 - c) Stjórn Eyþings 31. jan. 2011 (fundur nr. 220).
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - d) Stjórn SSH 13 des. 2011 (fundur nr. 357).
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - e) Stjórn SSV 10. jan. 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
3. Frá Samb. ísl. sveitarfélaga:
- a) Fundargerð stjórnar 29. okt. 2010 (783. fundur).
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
 - b) Umsögn Samb. ísl. sveitarfélaga um breyt. á sveitarstjórnarlögum. M.a. varða breytingarnar hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga og hafa verið unnar í samráði við forsvarsmenn þeirra.
Lögð fram til kynningar.
 - c) Námskeið á vegum Samb. ísl. sveitarfélaga fyrir sveitarstjórnarmenn á starfssvæði SSA. Fyrir liggur tímasetning námskeiðsins „AÐ VERA Í SVEITARSTJÓRN; - Hlutverk og ábyrgð, réttindi og skyldur, samskipti og samstarf. Það verður laugard. 19. marz. Samhliða því verður 18. marz boðið upp á námskeið um vinnuveitendahlutverk sveitarfélaga, fjármálastjórn þeirra o.fl., sem stóð til að halda fyrir síðustu áramót, en frestað var af ýmsum ástæðum. Frkvstj. falið að hlutast til um að hið síðarnefnda námskeið verði haldið samhliða hinu föstud. 18. marz.
Auk framangreindra námskeiða er í samstarfi við SSA verið að skipuleggja námskeið á Austurlandi fyrir skólanefndir annars vegar og félagsmálanefndir og starfsfólk í félagsþjónustu hins vegar.
Lagt fram til kynningar.
4. Umsagnir um þingmál.
- a) Mál 334, þ.á.l. tillaga um áætlun í jafnréttismálum. Frkvstj. falið að ganga frá umsögn. Hið sama gildir um mál undir liðum 4 b) og 4 c).
 - b) Mál 385; Farsýslan.
 - c) Mál 386; Vegagerðin.
5. Erindi og bréf:
- a) Breiðdalshreppur 28. jan. 2011 v/ málefna héraðsdýralækna.
Páll Baldursson kynnti málið, sem m.a. var farið yfir með þingm. NA-kjd. á Reyðarfirði 10. feb. s.l. Að óbreyttu stefnir í knappan aðgang að þjónustu dýralækna á starfssvæði SSA, nái að ganga í gegn breytingar á verksviði þeirra, sem boðaðar hafa verið.
Við umfjöllun um málið kom m.a. fram það sjónarmið, að gengju áformin eftir, væri hæpið að starfsgrundvöllur yrði á ýmsum svæðum fyrir sjálfstætt starfandi dýralækna, án e.k. opinberrar aðkomu og með því væri framkvæmd dýraverndar á sömu svæðum stefnt í tvísýnu, t.d. varðandi húsdýrahald.
Stjórnin felur framkvæmdaráði að vinna gegn þeim breytingum, sem boðaðar hafa verið, enda virðast þær ein birtingarmyndin enn um gegndarlausu samþjöppun opinberra starfa og útþynningu þeirra á kostn. landsbyggðarinnar.

- b) Björn Árm. Ólafsson 21. jan. 2011 v/ frv. um breytingu á náttúruv.lögum.
Varðar m.a. áform um að setja hömlur á skógrækt og fela framkvæmdavaldinu að banna flestar tegundir, sem notaðar eru til skógræktar í dag, sem hafa myndi í för með sér að kippt yrði rekstrargrundvelli undan gróðrarstöðvum.
Við umfjöllun um þennan lið brá stjórn SSA sér í hlutverk náttúruverndarnefndar Múlasýslna (sbr. ákv. hennar á fundi undir lið 12 a) 8. des. 2010. Gerðist hún samhlíða því ábúðarmikil og ákvað að fela sjálfri sér og þar með stjórn SSA að vinna að því, ásamt öðrum hagsmunaaðilum hér eystra, að í stað hugmynda um framangr. breytingar verði öllum slíkum áformum frestað og þess í stað farið í heildarendurskoðun á náttúruverndarlögum og í því ferli verði tryggð aðkoma hagsmunaaðila að verkefninu,
- c) Jöfnunarsj. 15. feb. v/ Austfirzk eining (áður „Austurland eitt sveitarfélag“.)
Í bréfinu er staðfest fjárhagsleg aðkoma Jöfnunarsjóðsins að verkefninu Austfirzk eining í samræmi upphaflega ákvörðum vegna fyrri verkefninu. Undir þessum lið var samþ. að fela frkvstj. að sækja um viðbótarfjármagn til að kosta frekari vinnu, þar sem sýnt er að núverandi starf á vegum AE og fyrri kostn. við sambærilegt verkefni fer fram úr þeirri viðmiðun, sem gildi við upphaflega styrkveitingu.
- d) Capacent 21. feb. 2011.
Lögð fram gögn með kynningu á starfsemi og þjónustu fyrirtækisins.
6. Eyþing / SSA. Samstarfsverkefni.
Form. og frkvstj. kynntu málið, sem var til umfjöllunar á fundi talsm. SSA o. fl. á fundi með talsm. Eyþings 23. feb. Varðar hugmyndir um samstarfsverkefni Eyþings og SSA, sem lýtur að því að fá sérfræðinga til að greina skatttekjur og ríkisútgjöld í Norð-Austurkjördæmi. Vilji beggja framangreindra til að setja verkefnið í gang stafar af árangursleysi byggðaaætlananna undangenginna ára sbr. m.a. nýlega blaðagrein Bergs Elíasar Ágústssonar, bæjarstjóra Norðurþings og formanns Eyþings; „*Stutt hugleiðing um Landsbyggðina, auðlindir & skatta*“.
Stjórn SSA tekur mjög jákvætt í það, að SSA komi að verkefninu og mun taka þátt í áformuðum kynningarfundum um málið, sem verður að öllum líkindum haldinn fljótlega hér eystra.
7. Menningarsamningur, staða mála.
Valdimar kynnti málið, en hann fundaði með ráðherra menningarmála og starfsm. m. í Reykjavík 22. feb., ásamt menningarfulltrúa og fulltrúum menningarmiðstöðva á Austurlandi vegna lækkandi framlaga til menningarmála á starfssvæði SSA skv. fyrirliggjandi hugmyndum. Form. SSA mun f.h. sveitarfélaganna skrifa undir endanlegan samning, enda náist m.a. samkomulag um fjármögnun menningarmiðstöðva á starfssvæði SSA.
Drög að samningi milli sveitarfélaganna innbyrðis um sama verkefni liggja fyrir. Ekki er hægt að fullvinna þau, fyrr en fyrir liggur, hver verða afrif fyrrnefnda samningsins.
8. Tímasetning 45. aðalf. SSA haustið 2011. Fyrirkomulag o.fl.
Eftirfarandi var kveðið:
a) Fundardagar verði föstud. 30. sept. og laugard. 1. okt.
b) Fundarfyrirkomulag verði í samræmi við aðalfund 2010, þ.e. að fundurinn hefjist á föstud. kl. 10:00 og ljúki eigi síðar en kl. 12:30 á laugardeginum.

- c) Meðal umfjöllunarefna á fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf og gerð grein fyrir verkefnum, sem nú er unnið að.
9. Frágangur skýrslu vegna 44. aðalfundar 2010. Ákveðið að minnka hefðbundið umfang skýrslu v/ aðalfunda og setja í stað þess hluta af efninu undir heimasíðu SSA; www.ssa.is
10. Skýrsla form. og framkvæmdastjóra:
- a) Fundur í Borgartúni 30 14. feb. um landsskipulagsstefnu í skipulagsreglugerð. Valdimar sat fundinn f.h. SSA og gerði hann grein fyrir honum.
- b) Fundur í innanríkisráðuneytinu 14. feb. 2011 um almenningssamgöngur. Fulltr. SSA á fundinum voru Valdimar, form. SSA og Ingigerður Erlingsdóttir hjá ÞFA, sem unnið hefur að úttekt á almenningssamgöngum á starfssvæði SSA á grundvelli verkefnis, sem verið hefur á borðum ÞFA. Form. og frkvstj. gerðu grein fyrir málinu. Stjórn SSA lítur svo á, að verkefni, sem lúta að væntanlegri yfirtöku sveitarfélaga / landshlutasamtaka á skipulagi og framkvæmd almenningssamgangna heima í héraði, falli undir starfsnefnd SSA, Austf. einingu. Einnig telur stjórnin eðlilegt að leita til ÞFA um aðkomu að skipulagningu á almenningssamgöngum á starfssvæðinu, þegar verkefnið verður flutt til sveitarfélaga um næstu áramót, eins og nú stefnir í.
- c) Fundur í ráðhúsi FJB á Reyðarfirði með þingm. NA-kjörd. 10. feb. 2011. Form. og frkvstj. gerðu grein fyrir fundinum og umfjöllunarefnum.
- d) Fyrirkomulag refa- og minkaveiða. Að beiðni Þórunnar Egilsdóttur, oddvita Vopnafjarðarhrepps var fjallað um fyrirkomulag refa- og minkaveiða á vegum sveitarfélaga. Fyrir liggur, að ríkissjóður kunnir að hætta fjárhagslegri aðkomu að verkefninu, og þar með yrði allri ábyrgð á framkvæmdinni varpað á herðar sveitarfélaga. Gerði hún grein fyrir hugmyndum sínum um að leitað yrði leiða til að samræma sem mest gjaldskrár vegna verkefnisins. Samþykkt að fela frkvstj. að vinna að framgangi málsins og jafnframt að þrýsta á um að horfið verði frá áformum stjórnvalda, er að framan getur.
- e) Landsþing Samb. ísl. sveitarfélaga 25. marz 2011. Formenn og frkvstj. landshlutasamtaka sveitarfélaga eiga seturétt á fundinum og munu þeir að óbreyttu báðir sitja hann.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 15:35.

Bj. Hafþór Guðmundsson, (fundarritari)